




BROTTFÖRIN

Mamma hans rétti honum nýja sokka og steiktan lunda í nesti fyrir sjóferðina, svo kyssti hún hann á kinnina. „Quilliam, ég veit að góður Guð verndar þig, en hann sér ekki um halda þér hreinum. Það verður þú að gera sjálfur.“ Sem betur fer faðmaði hún hann ekki þétt að sér.

Hann tók í höndina á pabba sínum sem sagði frekar hress í bragði: „Við eigum eftir að grafa upp gólfíð heima. Þú hjálpar mér með það þegar þú kemur aftur.“ Quill hélt af stað niður að bátnum. Foreldrar hans fylgdu auðvitað

í humátt á eftir en kveðjustundin var afstaðin og óþarfi að endurtaka hana. Enda ástæðulaust, hann kæmi aftur eftir tvær eða þrjár vikur. Þeir ætluðu bara að fara í einn drangann og sækja fang sumarsins: fuglakjöt, egg, fiður, lýsi ...

Þetta var heiður og tær ágústdagur og í skjannahvítri birtunni virtist sjórinn vera svartur. Og nei, engir illir fyrirboðar boðuðu ófarir. Fólkið á Hjörtum kunni skil á slíku. Himnarnir opnuðust ekki og það rigndi ekki blóði, einhver hefði munað eftir því. Engin óheillakráka tyllti sér á húspak. Hins vegar flaug mávur yfir og dritaði á hausinn á Cane – en það var alltaf að gerast. (Hver gæti sleppt slíku tækifæri?) En sem sagt: Engin tákn eða illir fyrirboðar.

Allt tiltækt lið á Hjörtum hjálpaði til við að bera bátinn niður í fjöru. Þrír fullorðnir karlmenn og níu drengir fóru um borð, fólkið sem stóð í fjörunni setti hendur á loft, ekki beinlínis til að veifa, heldur til að athuga hvort vindáttin hefði nokkuð breyst bátsverjum í óhag. Quill vissi ekki hvort stelpa frá meginlandinu væri þarna meðal fólksins á ströndinni – hann reyndi ekki einu sinni að svipast um eftir henni. Ef hann hefði gert það og ef einhver hefði séð það hefðu örugglega allir strákarnir um borð strítt honum á því. Þá var betra að sleppa því. Ef til vill gjóaði hann augunum aðeins, svo lítið bar á. Einu sinni, eða kannski tvisvar.

Feður og frændur, eiginkonur og frænkur ýttu þeim úr vör. Og nei, engar steinvölur klóruðu kjöl bátsins. Engir sandormar liðuðust upp úr holum sínum til þess að draga

BRÖTTFÖRIN

bátinn aftur í land. Það gerðist ekkert óvenjulegt sem sagði: „Ekki fara í þessa ferð! Snúið við!“ Þetta var góð sjósetning.

En hafi eitthvert óheillatákn birst þá sá Quilliam það ekki, hann var of upptekinn við að reyna að koma auga á Murdinu áður en hann héldi af stað.



Ferðin út í drangana getur tekið heila eilífð, jafnvel þótt þeir vindi upp segl. Kappadrangi er svo stór að hann virðist vera skammt undan, en þangað er fjögurra mílna leið – sjórinn myndar hæðir og dali og við það tvöfaldast vegalengdin. Þetta var í fyrsta skipti sem Davie litli fór með og Quill sá hvernig sjóveikin ólgaði í honum, óttinn líka. Ef Quill yrði grimmur með árunum gæti hann einhvern tíma langað að stríða nýliða á því hvernig hann var í fyrstu ferð sinni og gefa honum olnbogaskot um leið, eins og tuddinn Kenneth gerði núna. En Quill mundi svo vel sína fyrstu sjóferð – hann hélt í hvert sinn sem stefnið reis upp í ölduna að bátnum væri að hvolfa og að sérhver öldudalur myndi draga þá niður á hafsbotn. Hann mundi eftir öldum sem risu yfir lunninguna; sjóúðinn hafði gert hann holdvotan. Hann mundi hvað hann kveið því að komast ekki í land án þess að gera sig að algjöru fifli og þurfa síðan að sanna dag eftir dag fyrir hópnum að hann gæti veitt fugla eins og hinir; að hafa ekkert rúm til að sofa í og enga mömmu sem huggaði hann á kvöldin ... Vesalings Davie litli, hann var ekki stærsti unginn í hreiðrinu. Þessi gaur! Hann var strax kominn í klifursokkana og farinn úr stígvélunum. Alveg tilbúinn að klifra.

Davie virtist of grænn – í öllum skilningi orðsins – til að standa uppi í hárinu á Kenneth og tuddalegum stælum hans. En þegar hann ældi stóð bunan beint í kjöltuna á Kenneth – innblásin hefnd, hugsaði Quill ánægður.

Þegar þeir komu fram fyrir Hlédranga fengu þeir í fyrsta sinn óhindrað útsýni yfir dvalarstað sinn næstu vikurnar. John byrjaði að slá taktinn með fætinum og hinir tóku brátt undir þangað til Cane (ávallt sami gleðispillirinn) sagði þeim að hætta að vera með þennan hávaða ef þeir ætluðu ekki „að vekja upp hvern einasta dauðan sjómann úr hvílustað sínum“. Taktslagið hljóðnaði og Quill tók eftir að yngstu strákarnir gjóuðu augunum hjátrúarfullir í kringum sig, til að athuga hvort dauðir sjómenn væru þarna í alvöru.

Kappadrangi stækkar eftir því sem nær er komið. Engu er líkara en hann sé að ýta sér upp úr sjónum – eins og stórhveli sem stekkur upp, þakið hrúðurkörlum og reynir að gleypa tunglið. Stutt frá er Borgarey með sínar grænu grastór, en Kappadrangi er svo stór og dökkur að allir fuglar himinsins frá öndverðu hafa ekki náð að drita hann hvítan. Hann vomir þarna yfir, dimmur og drungalegur eins og hann sé annað hornið á sjálfum Satan. Og iðandi af fuglum.

Til að komast að lendingunni þurfti bátsformaðurinn að fara alveg upp að og krækja fyrir drangann og fara undir slútandi syllu sem var kölluð „Skyggnið“, þar rignir niður fugladriti. Það sló þögn á bátinn þegar allir (nema Kenneth) lokuðu munninum tryggilega. „Sjáðu, sjáðu þarna uppi,

Davie!“ sagði Kenneth og benti í ákafa eitthvað upp í loft, en Davie hafði vit á að láta ekki glepjast. Enginn lítur upp þegar siglt er undið Skyggnið. Það var því bara Kenneth sem varð útataður í framan.

Quilliam fannst Skyggnið samt ekki vera það versta við sjóferðina. Lendingin var miklu verri. Hver á eftir annarri belgdust öldurnar upp á klöpp sem var þarna í landingunni og skullu síðan yfir hana af krafti. Að komast í land var leikur sem menn reyndu ekki einu sinni nema vindáttin væri nákvæmlega úr norðaustri.

Gömlu mennirnir heima töluðu um drangana eins og þeir væru bara forðabúr, úttroðnir af fugli og sem Guð hefði komið þar fyrir sérstaklega handa fólkinu á Hjörtum. En höfðu þeir aldrei orðið hræddir? Þegar þeir voru ungir? Þegar þeir fóru að síga í bjargið á Kappadranga? Höfðu þeir aldrei hræðst stökkið úr bátnum og yfir á klöppina? Aldan rís og hnígur svo hratt að það er eins og klöppin lyftist og hnígi beint fyrir framan mann, sjávarlöðrið getur hæglega blindað mann og svo getur maður lent á þara sem er hálli en blaut sápa og þá skrikar manni fótur og fellur milli skersins og bátsins. En kannski var Quill bara hræðslupúki, rétt eins og Davie.

Don, einn þeirra fullorðnu, berfættur með reipi bundið um sig (til þess að hægt væri að ná honum aftur um borð ef hann félli útbyrðis) og með landfestina vafða um úlnliðinn, stóð frammi í stefni, barðist við að halda jafnvægi og herti sig upp fyrir stökkið. Dranginn reis þverhniptur fyrir framan og líktist óvinnandi virkisvegg. Samt tókst

Domhnall Don að láta landgönguna líta út eins og léttan leik. Fynglingahópurinn myndaði röð í bátnum: Farriss og Cane voru fremstir, svo Murdo, þá Quilliam, Kenneth og svo eftir hæð: Calum, Lachlan, John, Euan, Niall og Davie. Þeir þurftu ekki bara að koma sjálfum sér í land, heldur þurfti að koma sekkjum, netum, reipum og kveikjum í olíulampana, tágakörfum, kylfum og gömlum hnakk ...

Lítil köld hönd greip í úlnliðinn á Quill.

„Farðu aftur í röðina,“ hvæsti hann, en Davie sleppti ekki og sagði ekkert, leit bara á Quill og yfir á klöppina, aftur á Quill og á æðandi öldurnar og hristi höfuðið. Quill henti hálfétnum lundanum útbyrðis, festi reipið um sig og þegar röðin kom að honum tók hann um handlegg litla drengsins – svo fast að Davie veinaði – og stökk í land með hann. Stór skínandi alda brotnaði á klöppinni rétt á eftir þeim en Quill hafði náð að stökkva frá áður en hún náði honum. „Þetta var ekkert mál! ... Þú verður bara að vera sneggri næst,“ kallaði hann og Davie kraflaði sig upp á klöppina, nýju sokkarnir rennblautir og sveifluðust eins og sundfit á önd. Quill fór að hlæja.

Þegar hann leit aftur á bátinn sá hann hvar drengirnir stóðu ennþá í röð, hver og einn með vinstri höndina hvíta og kreppta um eigur sínar, þá hægri kreppta, tennur samanbitnar og allir vonuðu að þeir kæmust óbrottnir í land og með óskaddað stolt. (Ef til vill var í þeim öllum vottur af hræðslupúka).

Lachlan gekk fram hjá Quill eftir að hafa klöngrast í land, þokkalega léttur á sér þrátt fyrir að vera með fangið

fullt af pokum og með mikið reipið vafið um sig. Hann var tætingslegur í útliti, eins og kind sem var að týna reyfinu, en samt helmingi kátari í bragði en hann hafði nokkru sinni verið heima á Hjörtum. Það var eins og hann kysi frekar að vera á þessum dranga en heima hjá sér. Hvernig má það vera, hugsaði Quill með sér, þegar eitt óvarlegt skref hér getur kostað mann lífið?

Hann hafði varla sleppt þessari hugsun þegar að honum læddist sá hjátrúarfulli grunur að hann mætti ekki hugsa illa til drangans. Dranginn vildi engum illt. Hann var ekki lifandi vera, bara haugur af bergi í stóru, köldu hafi á hjara veraldar.



Þegar fyglingarnir komu að Neðri-Skála stöldruðu þeir við og þurrkuðu sig í vindinum, rétt eins og skarfarnir eru vanir að gera, og horfðu á bátinn berjast við vindinn, hann stefndi nú heim á leið. Calum veifaði, maðurinn í bátnum var pabbi hans. Lachlan rak upp gleðigól. Davie beit í vörina. Nú voru þeir fastir þarna þangað til pabbi Calums kæmi aftur að sækja þá.

„Hann kemur fljótt aftur,“ sagði Quill hughreystandi við Davie, hann mundi hvernig það var þegar sjórinn skildi hann frá mömmu sinni í fyrsta sinn.

Enginn vildi verða fyrstur inn í hellinn. Ómögulegt var að vita hvað gæti leynst þar dautt – eða það sem verra var: lifandi! Svona nálægt sjónum sóttu krabbar og deyjandi fuglar þangað inn. Þessi nafngift „Skáli“ hljómaði eins og þetta

Á HJARA VERALDAR

væri heimilislegt smáhýsi, en í rauninni var þetta einungis köld og saggafull glufa í gríðarstóran klettavegginn. Bara tólf hræður, hrúga af fuglanetum, pottur, sex löng reipi, gamall hnakkur, eggjakörfur, upprúlluð teppi og stígvél. Notalegt! Eftir nokkra daga myndu þeir færa sig ofar í drangann en þangað til var þetta bækistöðin og hentaði vel til að grynka aðeins á súlustofninum sem hafðist við á Skyggninu. Hvað um það þó að þetta væri rakur og ógeðslegur hellir? Þeir yrðu hvort eð er úti við nánast allan tímann að draga björg í bú úr konungsríki sjófuglanna.

Og í hvert sinn sem ungur drengur hélt í sína fyrstu fuglaveiði í dranganum kom hann til baka ungur maður.

(Ef hann átti þá yfir höfuð afturkvæmt).